# Lög Klifursambands Íslands (KÍ)

**1. grein**

Heiti sambandsins er Klifursamband Íslands, skammstafað KÍ. KÍ, fer með æðsta vald um öll mál klifuríþróttarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

**2. grein**

Klifursamband Íslands er samband íþróttahéraða íþróttahreyfingarinnar. Öll íþróttahéruð, sem hafa innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í klifuríþróttinni, eru aðilar að Klifursambandi Íslands.

**3. grein**

Hlutverk KÍ er í meginatriðum eftirfarandi:

A. Að vinna að stofnun nýrra félaga og deilda og efla á annan hátt klifuríþróttina í landinu.
B. Að setja nauðsynlegar reglur um málefni klifur íþróttarinnar á Íslandi, löggilda dómara, vinna að heildarskipulagi móta svo sem Íslandsmóta og bikarmóta.
C. Að vera fulltrúi klifuríþróttarinnar í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að reglur varðandi íþróttina á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur.
D. Að tryggja góða stjórnarhætti innan sérsambandsins.

**4. grein**

Málefnum Klifursambands Íslands er stjórnað af :

A. Klifurþingi.
B. Stjórn KÍ.
C. Formannafundi.

**5. grein**

Reikningsár KÍ er almanaksárið.

**6. grein**

Klifurþing fer með æðsta vald í málefnum KÍ og skal haldið árlega á tímabilinu mars til maí. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar félaga KÍ. Allir fulltrúar skulu vera lögráða og fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra klifuriðkenda og miðað er við síðustu skil til ÍSÍ. Félög með 0-25 iðkendur fá 2 fulltrúa. Fyrir hverja 25 iðkendur eftir það fæst 1 fulltrúi til viðbótar að 100 iðkendum. Fyrir hverja 50 iðkendur eftir það fæst 1 fulltrúi til viðbótar.

Sé félag í verulegum vanskilum við sambandið þegar boðað er til Klifurþings er stjórn heimilt að fella niður atkvæðisrétt þess félags á þinginu. Skal félaginu áður send skrifleg aðvörun um vanskil og mögulega niðurfellingu atkvæðisréttar. Hafi skuld félagsins ekki verið gerð upp í síðasta lagi tveimur virkum dögum fyrir þing fellur atkvæðisréttur þess niður.

Klifurþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda á íþróttahéruð og félög.
Málefni sem félög óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu og framboð til stjórnar skulu berast stjórn KÍ a.m.k. þremur vikum fyrir þing. Þó er heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar hafi nægjanlegur fjöldi ekki tilkynnt framboð sitt innan tilskilins frests. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing, skal senda íþróttahéruðum og félögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Klifurþing er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

**7. grein**

Á Klifurþingi hafa tilnefndir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:

A. Stjórn KÍ
B. Heiðursformaður og heiðursfélagar
C. Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
D. Fastráðnir starfsmenn KÍ
E. Fulltrúar í fastanefndum KÍ
F. Fulltrúi hvers íþróttahéraðs sem hefur félag með atkvæðisrétt á þinginu

Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi félagi og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar KÍ eigi síðar en viku fyrir þing. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en

getur auk þess farið með önnur atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir. Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.

**8. grein**

Fastanefndir sambandsins eru eftirfarandi:

A. Fjáröflunarnefnd
B. Afreksnefnd
C. Mótanefnd
D. Fræðslu- og dómaranefnd
E. Heiðurs- og viðurkenningarnefnd
F. Útiklifurnefnd

Hlutverk og verkefni þeirra eru skilgreind í starfsreglum settum af stjórn.
Stjórn skipar formenn nefnda úr hópi nefndarmanna. Stjórn hefur heimild til þess að skipa fulltrúa í fastanefndir ef kosinn fulltrúi hefur sagt sig úr nefndinni.
Auk þess getur stjórn skipað aðrar nefndir sem starfa á vegum sambandsins eftir þörfum.

**9. grein**

Dagskrá Klifurþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
5. Ávörp gesta.
6. Álit kjörbréfanefndar.
7. Skýrsla stjórnar lögð fram.
8. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
10. Gjaldskrá KÍ borin fram til samþykktar.
11. Tillögur um breytingar á lögum og reglum KÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir. Umræða og atkvæðagreiðsla.

14. Kosningar:
    a. Stjórn og varastjórn, sbr. 11. grein.
    b. 2 skoðunarmenn reikninga.
    c. Fastanefndir sem starfa milli Klifurþinga.
    d. Fulltrúa á Íþróttaþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttaþing ÍSÍ fer fram.
15. Þingslit.

Allar kosningar geta verið skriflegar sé þess óskað sérstaklega, annars í heyranda hljóði. Hlýtur sá kosningu sem flest atkvæði fær. Falli atkvæði jafnt í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin milli þeirra frambjóðanda sem hlutu jafn mörg atkvæði. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal kjósa á ný. Falli atkvæði enn jafnt, skal hlutkesti ráða og skal þingforseti annast hlutkestið.

**10. grein**

Aukaþing má halda ef stjórn telur nauðsynlegt eða ef helmingur félaga óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Seturéttur á aukaþingi er skv. 6. grein. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema til bráðabirgða fram að næsta þingi, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin sé að eigin dómi orðin óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um reglulegt Klifurþing.

**11. grein**

Stjórn KÍ skal skipuð af 5 einstaklingum. Kjósa skal með hlutbundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnarmenn. Annað hvert ár skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið er kosið um tvö sæti í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn KÍ til eins árs í senn og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Stjórnarmenn skulu kosnir til 2ja ára í senn.
Stjórn er ákvörðunabær þegar meirihluti stjórnar sækir boðaðan stjórnarfund.

**12. grein**

Helstu störf stjórnar eru:

A. Að framkvæma ályktanir og samþykktir Klifurþings.
B. Að bera ábyrgð á fjármálum sambandsins og annast rekstur þess.
C. Að vinna að eflingu klifuríþróttarinnar um land allt.
D. Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir klifuríþróttina.
E. Að sjá til þess að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum sambandsins og fyrirmælum Klifurþings.
F. Að boða til Klifurþings.
G. Að tryggja að Íslandsmeistaramót og bikarmót séu haldin og að fulltrúi á vegum stjórnar sé viðstaddur.
H. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
I. Að sinna fyrir hönd Íslands alþjóðlegu samstarfi í málefnum klifuríþróttarinnar.
J. Að innheimta gjöld samkvæmt samþykktri gjaldskrá af félögum/deildum.

**13. grein**

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra með prókúruumboð.

**14. grein**

Formannafundur allra félaga innan sambandsins skal haldinn að hausti milli Klifurþinga. Til fundarins skal boða rafrænt með tveggja vikna fyrirvara. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað. Formannafundur er ráðgefandi samkoma og er heimilt að ályktа um málefni tengd starfsemi sambandsins og skulu þær ályktanir vera í samræmi við lög og stefnu þess.
Boða skal formenn allra félaga innan sambandsins eða varamenn þeirra, einn frá hverju félagi. Auk þeirra skulu eiga rétt til setu, með málfrelsi og tillögurétti, stjórnarmenn og starfsmenn sambandsins, fulltrúar allra nefnda sem og fulltrúar sambandsins í stjórnum og nefndum annara félaga eða samtaka. Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum á fundinn ef hún telur ástæðu til.

**15. grein**

Ef einstaklingur eða félag brýtur gegn lögum þessum eða reglugerðum sambandsins hefur stjórn heimild til að beita viðurlögum í samræmi við eðli og alvarleika brotsins.

Stjórn tekur ákvörðun um hvert mál fyrir sig á stjórnarfundi. Stjórn getur ákveðið að fella mál niður, veita áminningu eða meina aðila tímabundið eða varanlega þátttöku í mótum, keppnisferðum, viðburðum, öðru starfi á vegum sambandsins eða allri þátttöku innan þess. Einnig getur stjórn kært málið til dómstóla ÍSÍ eftir því sem við á.

Telji stjórn að brot kunni að varða við lög getur hún jafnframt vísað málinu til lögreglu eða barnaverndaryfirvalda.
Meta skal í hverju tilviki hvort þörf sé á utanaðkomandi aðstoð við meðferð mála sem varða einelti eða kynferðislega áreitni.
Um öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma innan klifuríþróttarinnar skal fara samkvæmt IV. kafla laga ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ.

**16. grein**

Merki KÍ er stafurinn K, brotinn upp þannig að hann myndar skammstöfun sambandins, KÍ. Stafirnir eru myndaðir úr þríhyrningum, líkt og finnast á klifurveggjum. Litir merkisins er rauður og þrír tónar af bláum. Önnur leyfileg útgáfa af merkinu er með nafni sambandsins til hliðar við merkið og klifrara sem hangir í stafnum K.

**17. grein**

Heiðursfélaga KÍ má kjósa á Klifurþingi. Heiðursfélagar KÍ hafa rétt til setu á Klifurþingum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

**18. grein**

Heiðursformann KÍ má kjósa á Klifurþingi, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformaður KÍ kemur fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður fela honum það.

**19. grein**

Tillögur um að leggja KÍ niður, má aðeins taka fyrir á lögmætu Klifurþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða kjörinna fulltrúa. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum félögum grein fyrir henni í þingskýrslunni. Tillagan skal svo tekin til umræðu og lokaafgreiðslu á næsta Klifurþingi. Verði hún þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KÍ niður.

**20. grein**

Sé KÍ þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir KÍ til varðveislu.

**21. grein**

Lög þessi öðlast þegar gildi eftir samþykkt þeirra á Klifurþingi og framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau. Falla þá eldri lög úr gildi.

Þannig samþykkt á Klifurþingi KÍ þann 25. mars 2026.